

# PÁSKALILJUFÖNDUR

Páskaliljur geta hjálpað okkur að minnast upprisu Jesú Krists. Liljulaukar vaxa í jörðunni í langan tíma áður en þeir blómstra á vorin. Eftir að Jesús dó, var líkami hans lagður í gröf. Þremur dögum síðar, lifði hann á ný!

Búið til ykkar eigin páskaliljur með því að fylgja þessum þrepum.

1. Dragið línu meðfram opnum lófa ykkar á blað og klippið út.



2. Vefjið það saman í keilulagað mót og límið saman. Skiljið eftir smá gat á botninum.



3. Vefjið hvern fingur utan um blýant.



4. Stingið priki í gegnum gatið á blóminu ykkar til að gera stöngul. Límið síðan blómið á prikið. Valkvætt: Málið efri hluta priksins gulan og neðri hlutann grænan. Bætið síðan við pappírslaufum.

